

Samþykkt
um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Frárennsli sérhverrar húseignar á Fljótsdalshéraði, sem ekki er unnt að tengja við fráveitukerfi í eigu og rekstri sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Þar sem þannig hagar til að ekki verði komið við rotþró og reglubundinni seyrulosun, getur Heilbrigðisnefnd Austurlands heimilað aðrar lausnir.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um.

Samþykki Heilbrigðisnefndar Austurlands þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki Heilbrigðisnefndar Austurlands og úttekt byggingafulltrúa.

2. gr.

Fljótsdalshérað annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulosun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Austurlands annast eftirlit með starfsemi.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, enda hafi viðkomandi starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umráðamenn eða eigendur fráveitna skv. 1. gr. geta þó falið öðrum en Fljótsdalshéraði meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi til þriggja ára í senn, að lágmarki, við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi

3. gr.

Meðhöndlun seyru skal framkvæmd undir yfirstjórn Fljótsdalshéraðs, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. gr.

Rotþrær og siturlagnir skulu yfirfarnar annað hvert ár að jafnaði. Aðili með gilt starfsleyfi til meðhöndlunar seyru skal annast það verk og fjarlægja seyru þegar þess gerist þörf, þannig að virkni rotþróa og siturlagna sé tryggð.

Eigandi fráveitunnar skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna seyrulosunar og eftirlits með fráveitum samkv. 1. gr, með gjaldskrá sem sett er á grundvelli 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af eigenda eða umráðamanni fráveitu, ef seyrulosun

er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu.

Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna seyrulosunar eða meðhöndlunar seyrú skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins sem síðan kemur kvörtuninni á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Viðkomandi á málskotsrétt til heilbrigðisnefndar Austurlands. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Mál út af brotum á samþykkt þessari að hætti opinberra mála.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótaldshéraðs staðfestist hér með samkvæm 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur húseigna sem ekki tengjast frárennsliskerfi á vegum sveitarfélagsins og falla undir 3. mgr. 13. gr í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og hafa ekki fullnægjandi frágang á rotþró og siturlögnum, hafa frest til 1. júlí 2006 til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 2005

F. h. r.

